



Útboðsskilmálar

vegna kaupa Seðlabanka Íslands á erlendum gjaldeyri,
í skiptum fyrir ríkisverðbréf.

Viðskiptadagur: 4. febrúar 2014

1. Seðlabanki Íslands kallar hér með eftir tilboðum um sölu á erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir ríkisverðbréf með langtímaeignarhaldi. Aðalmiðlurum á eftirmarkaði með ríkisverðbréf, sem samið hafa við Seðlabankann, er boðið að hafa milligöngu um kaupin í eigin nafni. Útboðið er liður í afléttingu hafta á fjármagnshreyfingum með gjaldeyri, til samræmis við áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011, og er framkvæmt á grundvelli 14. og 18. gr., sbr. III. bráðabirgðaákvæði, laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og I. bráðabirgðaákvæði laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 m.s.br. Fjárfesting sem leiðir af útboðinu telst ekki vera „nýfjárfesting“ í skilningi 13. gr. m laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og eru fjármagnsflutningar sem leiða af gjaldeyrisviðskiptunum heimilir skv. 13. gr. n sömu laga.
2. Samhliða útboðinu efnir Seðlabankinn til annars útboðs, til kaupa á erlendum gjaldeyri samkvæmt fjárfestingarleið. Útboðsfjárhæðin er sameiginleg fyrir bæði útboðin. Lágmarksverð ákvarðast hið sama í báðum útboðum. Að öðru leyti geta atriði eins og fjöldi og gerð tilboða í öðru hvoru útboðinu haft áhrif á hitt útboðið.
3. Heildarmagn evra (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður ákveðið eftir að frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að ákvarða útboðsfjárhæðina, meðal annars með hliðsjón af því er segir í 2. gr. þessara útboðsskilmála.
4. Evrur í formi reiðufjár verða keyptar með íslenskum krónum, sem háðar eru kvöð, eins og nánar er greint frá í skilmálum þessum.
5. Aðalmiðlarar senda tilboð til Seðlabankans í gegnum Bloomberg milli kl. 9:45 og 10:45 á viðskiptadegi (samkvæmt staðartíma á Íslandi). Frestur til að skila inn tilboðum rennur út þriðjudaginn 4. febrúar 2014 kl. 10:45 (viðskiptadagur). Niðurstöður útboðsins verða birtar á heimasíðu Seðlabankans í lok viðskiptadags og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti. Aðalmiðlarar sjá svo um að tilkynna sínum viðskiptamönnum um niðurstöður útboðsins.
6. Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði (e. single price). Hæsta samþykkt verð ræður útboðsverði. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til þess að ákveða útboðsverð eftir að tilboðsfrestur rennur út. Tilboðum *undir* útboðsverði er tekið að fullu, tilboðum *yfir* útboðsverði er hafnað að fullu, og tilboð sem eru *jafnhá* útboðsverði verða samþykkt hlutfallslega (*pro rata*).
7. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, hafna þeim að hluta eða hafna þeim öllum.
8. Þeir aðalmiðlarar á eftirmarkaði með ríkisverðbréf sem samið hafa við Seðlabankann (nú Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, MP banki og Straumur fjárfestingabanki) skulu safna tilboðum sinna viðskiptamanna um sölu á erlendum gjaldeyri. Tilboð þeirra í millum skulu vera skuldbindandi með þeim fyrirvörum sem leiða af útboðinu. Aðalmiðlarar skulu leggja fram tilboð til Seðlabankans í eigin nafni. Aðalmiðlurum er heimilt að leggja fram eins mörg tilboð og þörf krefur með hliðsjón af sölutilboðum viðskiptamanna þeirra.
9. Með framlagningu tilboðs samþykkir aðalmiðlari þessa útboðsskilmála, þær kvaðir sem af þeim leiða og ábyrgist um leið að afla sams konar samþykkis sinna viðskiptamanna við söfnun sölutilboða þeirra.
10. Tilboð skulu aðeins byggja á eftirfarandi:

- a. Að þeir fjármunir sem fjárfestir hyggst bjóða Seðlabankanum til kaups séu *ekki* innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum né heldur gjaldeyris sem orðið er skylt að skila til fjármálafyrirtækis hér á landi.
 - b. Fjármunum sem stafa af fjármagnsviðskiptum (e. capital account transactions). Tilboð sem byggja á fjármunum sem stafa af tekjum af almennum utanríkisviðskiptum (e. current transactions) skulu *undanskilin* þátttöku. Skilgreining tekna vegna almennra utanríkisviðskipta miðast við það sem kveðið er á um í d-lið XXX. gr. stofnsáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
 - c. Að fjárfestir sé *ekki* innlendir viðskiptabanki, sparisjóður eða lánastofnun, eða að þeir aðilar fari með virkan eignarhlut í fjárfestinum; allt skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.
 - d. Að fjárfestir, ef um einstakling er að ræða, sé lögráða.
11. Tilboð skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um magn erlends gjaldeyris sem boðinn er til sölu, og verð (krónur pr. evru með tveimur aukastöfum). Lágmarksfjárhæð í hverju tilboði aðalmiðlara skal vera 10.000 EUR, og skulu boð vera þannig að tilboðin hlaupi á heilu margfeldi af 5.000 EUR. Hið sama skal eiga við um hvert og eitt sölutilboð sem aðalmiðlari tekur við frá viðskiptamanni.
 12. Aðalmiðlarar skulu greiða Seðlabankanum með evrum fyrir samþykkt tilboð aðalmiðlara eigi síðar en föstudaginn 7. febrúar 2014 kl. 11:00 (uppgjörsdagur) samkvæmt stöðluðum greiðslufyrirmælum Seðlabanka Íslands.
 13. Standi aðalmiðlari ekki við tilboð sitt áskilur Seðlabankinn sér annað hvort rétt til að rifta kaupum þá þegar og taka öðru boði, eða til að krefja aðalmiðlara beint um fullar efnidir (*in natura*) auk hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
 14. Aðalmiðlari skal hafa gengið frá uppgjöri vegna samþykktra tilboða sinna viðskiptamanna svo fljótt sem verða má en þó eigi síðar en 30 dögum eftir viðskiptadag. Eigi síðar en miðvikudaginn 5. febrúar 2014 kl. 09:00 skal aðalmiðlari afhenda Seðlabankanum (gudmann.olafsson@sedlabanki.is) lista yfir skiptingu ríkisverðbréfa milli viðskiptamanna, til samræmis við þau sölutilboð sem samþykkt voru. Í listanum skal getið þess vörslureiknings sem ráðstafa skal ríkisverðbréfum inn á, sbr. 15(b), og mun Seðlabankinn ráðstafa bréfunum samkvæmt því.
 15. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðalmiðlarar geta óskað staðfestingar á móttöku tilboða hjá Markaðsviðskiptum og fjárstýringu Seðlabanka Íslands. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg og það berist Seðlabankanum fyrir kl. 10:45 á útboðsdegi (viðskiptadagur).
 16. **Eftirtaldar KVAÐIR skulu eiga við um gjaldeyrisviðskiptin:**
 - a. Skylt verður að móttaka allar þær krónur sem keyptar verða í útboðinu í formi ríkisverðbréfa, sem Seðlabankinn selur f.h. ríkissjóðs, en um verður að ræða ríkisverðbréf í flokknum RIKS 33 0321. Skiptigengi á fjölda eininga ríkisverðbréfa pr. evra verður tilkynnt sérstaklega eftir lokun markaða 31. janúar 2014. Um skilmála ríkisbréfa vísast nánar til skráningarlýsingar þeirra.
 - b. Eignarhald á ríkisverðbréfunum skal standa í 5 ár frá því tilboð var samþykkt. Ríkisverðbréfin skulu vera í vörslu vörsluaðila sem Seðlabankinn vísar á á heimasíðu sinni eða annars staðar, á reikningi í nafni viðskiptamanns, þann tíma sem kvöðin stendur. **Hvers kyns ráðstöfun ríkisverðbréfa, hvort sem er bein eða óbein, skal vera aðalmiðlara eða viðskiptamanni aðalmiðlara óheimil á meðan kvöðinni stendur, þ.m.t. allar veðsetningar, framvirkir samningar eða aðrar afleiður.** Bann við ráðstöfun á þó ekki við ef um er að ræða framsal frá aðalmiðlara til endanlegs viðskiptamanns sem stóð að baki

sölutilboði þeirra á milli, enda samþykki viðskiptamaðurinn útboðsskilmála þessa, og þá að bera þær kvaðir sem af þeim leiða.

- c. Seðlabankanum er heimilt að árita ríkisverðbréfin um kvaðir samkvæmt þessum skilmálum eða skrá kvaðabindingu á rafrænum bréfum hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eða annarri verðbréfamíðstöð eða hlutast til um slíka skráningu. Aðalmiðlari eða viðskiptamaður aðalmiðlara skal ekki hafa neinn rétt til að ráðstafa ríkisverðbréfunum, án atbeina og samþykkis Seðlabankans, umfram það sem segir í þessum skilmálum.
 - d. Viðskiptamaður skal fá greiddar hvers kyns vaxta- og/eða höfuðstólsgreiðslur af ríkisverðbréfunum meðan þessar kvaðir eru í gildi. Séu kvaðir í útboðsskilmálum þessum ekki uppfylltar hefur Seðlabankinn rétt til að halda eftir (stöðva) hvers kyns greiðslum af ríkisverðbréfunum þar til skilyrðunum hefur verið fullnægt eða beita öðrum vanefndaúrræðum, eins og nánar er lýst í 15(e).
 - e. Verði brotið gegn kvöðum þessum, um bann við hvers kyns ráðstöfun ríkisverðbréfanna, enda sé þá ekki um að ræða framsal frá aðalmiðlara til endanlegs viðskiptamanns að baki sölutilboði, skal það varða viðskiptamann févítí. Skal févítíð vera þriðjungur (33,333%) af verðmæti ríkisverðbréfanna. Seðlabankinn tilkynnir um févítíð og skal gjalddagi þess vera daginn eftir tilkynningu. Útreikningur févítisins, sem hlutfalls af verðmæti ríkisverðbréfanna, skal annað hvort miðast við lokaverð í viðkomandi kauphöll, daginn áður en ráðstöfun viðskiptamanns átti sér stað, eða þá það verð sem leiðandi fjármálafyrirtæki myndi greiða fyrir ríkisverðbréfin þann sama dag. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt ef nauðsyn krefur til málhöfðunar, kyrrsetningar eða annarra réttar- og fullnustugerða til heimtu févítisins.
17. Meðan kvaðir samkvæmt þessum skilmálum um vörslur ríkisverðbréfa eru í gildi skal öllum greiðslufyrirmælum varðandi hvers kyns greiðslur af ríkisverðbréfum, fyrirmælum um skráningu vegna framsals milli aðalmiðlara og viðskiptamanns sem stóð að baki tilboði í útboðsviðskiptum, fyrirmæli um afhendingu ríkisverðbréfa að vörslutímanum loknum, eða fyrirspurnum öðrum um ríkisverðbréfin; vera beint til vörsluaðila ríkisverðbréfanna. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður af samskiptum milli viðskiptamanns og vörsluaðila.
 18. Meðan kvaðir samkvæmt þessum skilmálum um vörslur ríkisverðbréfa eru í gildi skal Seðlabanki Íslands vera undanþeginn ábyrgð á öllu tjóni viðskiptamanns sem kann að stafa af óviðráðanlegum atvikum (*force majeure*) og þar með talið, en þó án tæmandi talningar, náttúruhamförum, stríði, hryðjuverkum, og lögum og reglugerðum stjórnvalda. Þá er ljóst að lögákveðin og reglubundin starfsemi Seðlabanka Íslands getur haft áhrif á gengi gjaldmiðla og eða verðbréfa, og því ber Seðlabankinn ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi viðskiptamanns, sem verða kann af ríkisverðbréfunum, og sem rekja má til lögákveðinnar og reglubundinnar starfsemi Seðlabankans.
 19. Viðskiptamaður ber allan kostnað sem kemur til vegna vörslu bréfanna, s.s. vegna opinberra gjalda eða þjónustu aðila í verðbréfavörslu. Skal Seðlabanki Íslands vera skaðlaus af öllum slíkum kostnaði og hafa haldsrétt í hvers kyns greiðslum af ríkisverðbréfunum til greiðslu slíks kostnaðar falli hann af einhverjum ástæðum á Seðlabankann.
 20. Skilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og aðalmiðlara sem þátttakanda í útboðinu, sem og þeirra viðskiptamanna aðalmiðlara sem standa að baki tilboðum aðalmiðlara, eftir því sem við á. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á neinum skuldbindingum aðalmiðlara gagnvart viðskiptamanni vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra á milli, eða miðlunar ríkisverðbréfa, og sem leiða af þátttöku aðalmiðlara í útboðinu.
 21. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.